

## REGLUGERÐ

## um bæjargjöld á Ísafirði.

## 1. gr.

Fé það, sem þarf til að standa straum af útgjöldum Ísafjarðarkaupstaðar, skal, að því leyti, sem aðrar tekjur hrökkva ekki til, fengið með því að leggja gjald á allar fasteignir í lögsagnarumdæminu, hús, bryggjur, uppfyllingar, lóðir, byggðar og óbyggðar o. s. frv., að undanskildum fasteignum rikissjóðs og bæjarsjóðs, kirkjum, sjúkrahúsum, skólahúsum, bókasafnshúsum og öðrum menningar- og líknarstofnunum.

## 2. gr.

Fasteignagjaldið skal vera:

Af húsum, bryggjum, olíu- og benzíngeymum:

- a. 0,4% — fjórtíu aura af hverjum hundrað krónum fasteignamatsverðs — skal greiða af hverju því íbúðarhúsi, sem þannig er hagnýtt, að ekki komi yfir tíu þúsund krónur af fasteignamatsverði hússins á fyrstu fjölskyldu og fimm þúsund krónur á hverja hinna, þeirra er í húsinu búa. Enn fremur hús, sem notuð eru eingöngu í þágu iðnaðar, landbúnaðar, sjávarútvegs og verzlunar þessara atvinnugreina með þær vörur, sem eru þeirra eigin framleiðsla að meira eða minna leyti. Skulu og heyra undir þennan flokk ekki aðeins þau hús, sem fiskframleiðendur nota til fiskverkunnar, heldur og salthús, ef þeir selja salt. Séu hús, sem notuð eru í þágu atvinnureksturs, einnig notuð til íbúðar, skal íbúðarhlutinn sérstaklega metinn af fjárhagsnefnd Ísafjarðar með hliðsjón af fasteignamati alls hússins, og skal af íbúðarhlutanum gjalda samkvæmt ákvörðun þessara laga um íbúðarhús. Þá skulu einnig heyra undir þenna gjaldflokk hús, sem leigð eru fyrir skrifstofur ríkis eða bæjar, samkomuhús og gistihús, þar sem gistihúshaldið er aðalvinna þess, er rekur gistihúsið. Sé íbúð einnig í þeim húsum, sem talin eru í síðustu málsgrein, skal íbúðarhlutinn metinn sérstaklega af fjárhagsnefnd Ísafjarðar með hliðsjón af fasteignamati, og skal gjald af íbúðarhlutanum ákveðast samkvæmt ákvörðun þessarar reglugerðar um íbúðarhús. Loks heyra bryggjur undir þenna gjaldflokk.
- b. 0,6% — sextíu aura af hverjum hundrað krónum fasteignamatsverðs — skal greiða af hverju því íbúðarhúsi, sem ekki heyrir undir gjaldflokk a. og svo er hagnýtt, að eigi koma meira en fimmtán þúsund krónur fasteignamatsverðs á fyrstu fjölskyldu og eigi yfir tíu þúsund krónur á hverja hinna, er í húsinu búa.
- c. 0,8% — áttatíu aura af hverjum hundrað krónum fasteignamatsverðs — skal greiða af þeim húsum, sem ekki falla undir gjaldflokkana a. og b. og svo eru hagnýtt, að eigi koma meira en tuttugu þúsund krónur fasteignamatsverðs á fyrstu fjölskyldu og eigi yfir fimmtán þúsund krónur á hverja

hinna, sem í húsinu búa. Einnig skulu þau hús, sem að einhverju leyti eru notuð til bankastarfsemi eða verzlunar með annað en eigin framleiðslu, heyra undir þann flokk með þeirri undantekningu til lækkunar, sem getur um í lið a. hér að framan viðvikjandi salthúsum fiskframleiðenda. Þó skulu þau hús, þar sem verzlun er rekin og íbúðarhlutinn að mati fjárhagsnefndar heyrir undir gjaldlið d., heyra að öllu leyti undir þenna gjaldalið.

- d. 1% — eina krónu af hverjum hundrað krónum fasteignamatsverðs — skal greiða af hverju því íbúðarhúsi, sem þannig er hagnýtt, að yfir tuttugu þúsund krónur fasteignamatsverðs komi á fyrstu fjölskyldu og yfir fimmtán þúsund krónur á hverja hinna, sem í húsinu búa, enn fremur af öllum þeim húsum, sem einungis eru notuð til bankastarfsemi, verzlunar með annað en eigin framleiðslu, eða fleiri tegundir atvinnureksturs, sem undir þann flokk heyra, einnig af gistihúsum, þar sem veitingar eru aðalvinnna þeirra, sem reka gistihúsið, veitingahúsum eða húsum, sem í eru billiardstofur, og skulu öll þessi hús heyra jafnt undir þenna flokk, þó að þau séu einnig notuð til annars. Undir þenna flokk heyra og oliu- og benzíngeymar.

### 3. gr.

Af öllum byggingarlóðum, byggðum og óbyggðum, skal gjalda 0,6% — sextíu auru af hverjum hundrað krónum fasteignamatsverðs —.

Af uppfyllingum, sem ekki eru ætlaðar fyrir byggingarlóðir, reitum, tünnum og öðru landi, sem ætlað er til atvinnureksturs, skal greiða 0,1% — tíu auru af hverjum hundrað krónum fasteignamatsverðs —.

### 4. gr.

Sem fjölskylda telst samkvæmt þessari reglugerð minnst þrjár einstaklingar, en fjölskylda, sem er yfir tíu manns, telst tvær fjölskyldur.

### 5. gr.

Gjöld þessi skal reikna af heilum hundruðum króna fasteignamatsverðs, en brotum úr hundruðum skal sleppt. Gjald af húsum samkvæmt reglugerð þessari ákveðst samkvæmt síðasta manntali.

### 6. gr.

Um gjalddaga, greiðsluskyldur og innheimturétt á gjöldum þessum fer samkvæmt lögum nr. 124, 31. desember 1935, um bæjargjöld á Ísafirði.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkv. lögum nr. 124, 31. desember 1935, um bæjargjöld á Ísafirði, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 19. september 1936.*

Haraldur Guðmundsson.

*Vígfús Einarsson.*